

Nd.

414. Nefndarálit

[43. mál]

um frv. til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar á nokkrum fundum. Var það sent til umsagnar ýmissa aðila, og fylgja svör þeirra með nefndaráliti þessu sem fylgiskjöl.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins, þeir Vilhjálmur Hjálmarsson og Þórarinn Þórarinsson með fyrirvara. Meiri hlutinn flytur breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins á þskj. 415. Auk þess flytja einstakir nefndarmenn breytingartillögu við 4. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 11. marz 1970.

Matthías Á. Mathiesen,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
með fyrirvara.

Þórarinn Þórarinsson,
með fyrirvara.

Guðl. Gíslason.

Pálmi Jónsson.

Fylgiskjal I.

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS HF.

Reykjavík, 27. nóvember 1969.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Vér höfum móttækið bréf yðar, dags. 14. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Bankaráð Iðnaðarbankans hefur enn eigi tekið ákvörðun um aðild að fjárfestingarfélagi, ef nefnt frumvarp verður að lögum. Á hinn bóginn telur bankaráðið hér um athyglisverða tilraun að ræða til þess að örva atvinnurekstur eftir nýjum leiðum, sem mundu, ef vel tækist, einnig verða til þess að auka áhuga almennings á því að festa sparifé sitt í atvinnurekstri.

Vér teljum einsýnt, að Alþingi heimili slíka tilraun, og leggjum því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Bragi Hannesson. Pétur Sæmundsen.

Fylgiskjal II.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF.

Reykjavík, 28. nóvember 1969.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Með bréfi, dags. 14. þ. m., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis sent bankanum til umsagnar frumvarp til laga um Fjárfestingafélag Íslands, sem flutt er af Eyjólfí Konráði Jónssyni og Benedikt Gröndal.

Vér höfum fylgt af athygli með undirbúningi máls þessa og teljum, að hér sé á ferðinni merkilegt nýmæli, sem haft geti heillavænleg áhrif fyrir íslenskt atvinnulíf, ef vel tekst til um framkvæmd þess.

Viljum vér því lýsa stuðningi vorum við málið.

Allravirðingarfullst,

Verzlunarbanks Íslands h.f.

Höskuldur Ólafsson. Kristján Oddsson.

Fylgiskjal III.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 24. nóvember 1969.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Vér höfum fengið til umsagnar frumvarp til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f., og viljum vér í því tilefni taka fram eftirfarandi:

- 1) Bankastjórn Seðlabankans hefur fyrir hönd bankans og Framkvæmdasjóðs fylgt nokkuð með undirbúningi þessa máls, þar sem bankastjórninni var boðið að taka þátt í viðræðum um málið, er efnt var til af hálfu Verzlunarráðs Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda. Hafa þessir aðilar séð um, að þegar hefur í frumvarpinu verið tekið tillit til ýmissa ábendinga, er gerðar voru af bankastjórnarinnar hálfu.
- 2) Um málið almennt viljum vér taka fram, að vér teljum mikla þörf fyrir starfsemi stofnunar af því tagi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sem betur fer virðist nú vera almennari skilningur fyrir því en oftast áður, að einn af meginveikleikum íslenskra atvinnufyrirtækja sé skortur á eigin fé, sem leitt hefur til óeðlilegrar skuldasoðfnunar og fjárhagslegs veikleika margra mikilvægra fyrirtækja. Það er vitaskuld ljóst, að úr svo stóru vandamáli verður ekki leyst á skömmum tíma, enda þarf margt að koma til, svo sem breytingar á skattalögum, verðlagsákvæðum o. fl. Hins vegar hlýtur einn mikilvægur þáttur í lausn vandamálsins að vera fólgin í því, að hér verði sett á laggirnar sérstök stofnun, eins og fjárfestingarfélag það, sem umrætt frumvarp gerir ráð fyrir, er hafi það meginhlutverk að örva eigin fjárframlög til íslenskra fyrirtækja.
- 3) Vér teljum ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Hér er um heildarfrumvarp að ræða, og er eðlilegt, að ákvæði þess séu almenns eðlis, en nánari skipan á málum félagsins ákveðin í samþykktum þess, er háðar verða samþykki ráðherra.

- 4) Í athugasemd með 4. gr. frumvarpsins er minnt á það, að hlutfjár megi afla frá einkabönkum, einkaaðilum og frá Framkvæmdasjóði Íslands. Vér viljum taka fram, að um hugsanlega þáttöku Framkvæmdasjóðs verður á sínum tíma fjallað af stjórn sjóðsins, þegar að stofnun slíks félags kemur. Á þessu stigi málsins viljum vér aðeins taka fram, að vér teljum slíka þáttöku geta samræmt tilgangi og starfsháttum Framkvæmdasjóðs.

Virðingarfyllt,

Framkvæmdasjóður Íslands. Seðlabanki Íslands.

Jóhannes Nordal. Sigr. Klemenzson.

Fylgiskjal IV.

VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 27. nóvember 1969.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fjárhagsnefndin hefur með bréfi, dags. 14. þ. m., óskað umsagnar Verzlunarráðsins um frumvarp til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, hefur Verzlunarráðið tekið þátt í samningu þess. Ráðið mælist því eindregið til, að frumvarpið hljóti sem fyrst samþykki á Alþingi því, er nú situr.

Með sérstakri virðingu,

Haraldur Sveinsson. Þorvarður J. Júlíusson.

Fylgiskjal V.

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 29. nóvember 1969.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis

Bréf yðar, dags. 14. nóv. 1969, þar sem beðið er umsagnar um frumvarp til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f., hefur verið rætt á stjórnarfundi hjá Félagi íslenskra iðnrekenda. Samþykkti stjórnin að mæla með því, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Taldi stjórnin óþarft að rökstyðja nánar afstöðu félagsins, þar sem það hefur fylgzt náið með undirbúningi málsins.

Virðingarfyllt,

Félag íslenskra iðnrekenda.

Haukur Björnsson.

Fylgiskjal VI.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 14. janúar 1970.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Landssamband iðnaðarmanna hefur haft til umsagnar frumvarp til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Ljóst er, að slíkt félag, sem lögin fjalla um, getur orðið iðnþróun í landinu veruleg lyftistöng, ef vel tekst til um stofnun þess. Enn fremur ætti það að geta orðið til að ýta undir fjárhagslega þátttöku almennings í atvinnulífinu, ef það beitir sér fyrir eða stuðlar á annan hátt að stofnun almenningshlutafélaga eða breytingu starfandi fyrirtækja í almenningshlutafélög.

Grundvöllur fyrir starfsemi fjárfestingarfélagsins mun og styrkjast við þær breytingar á skattalöggjöfinni, sem boðaðar hafa verið og miða að því að koma í veg fyrir, að hlutabréfaeign njóti verri kjara en sparifé varðandi skattlagningu.

Á miklu veltur, að leitað verði samstarfs við sem flesta aðila um stofnun félagsins, til þess að sem viðtækust samstaða skapist um að efla starfsemi félagsins og stuðla að framgangi þess í framtíðinni.

Landssamband iðnaðarmanna fagnar því fyrir sitt leyti, að lagafrumvarp um mál þetta er komið fram, og mælir eindregið með samþykkt þess.

Með sérstakri virðingu,

Landssamband iðnaðarmanna.

Otto Schopka.

Fylgiskjal VII.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 1. desember 1969.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Vér höfum fengið til umsagnar frv. til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Teljum vér, að gagn geti orðið af starfsemi slíkrar stofnunar, sem frv. fjallar um, fyrir íslenska atvinnuvegi.

Hér er um að ræða frv. að heimildarlögum, og teljum vér ekki ástæðu til að ræða einstakar greinar þess.

Ákvæði frv. eru, svo sem eðlilegt er, almenns eðlis, og nánar verður ákveðið um skipan mála félagsins í samþykktum þess, en þær verða háðar samþykki ráðherra.

Virðingarfyllst,

STJÓRN FISKVEIÐASJÓÐS ÍSLANDS

Davíð Ólafsson,
formaður.

Fylgiskjal VIII.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Reykjavík, 4. desember 1969.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur borizt bréf hv. fjárhagsnefndar, dags. 14. nóv. s.l. Af því tilefni var eftirfarandi bókað á fundi stjórnarinnar hinn 3. þ. m.:

„Lagt fram bréf fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 14. nóv. 1969, ásamt frumvarpi Eyjólfssonar, Jónssonar og Benedikts Gröndal um frumvarp til laga um Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Er óskað umsagnar stjórnar sjóðsins um frumvarpið fyrir 1. desember 1969.“

Samkvæmt viðtali við formann fjárhagsnefndar er ekki vænt svars sjóðs-
stjórnar fyrir en á þessum fundi.

Sjóðsstjórnin gerir ekki ráð fyrir, að atvinnuleysistryggingasjóður muni
yfirleitt kaupa hlutabréf í framtíðinni, þó slík kaup væru heimil lögum sam-
kvæmt, og sér því ekki ástæðu til að tjá sig um frumvarpið.“

F. h. Atvinnuleysistryggingasjóðs

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Eyjólfur Jónsson.